



Reykjavík, 19. febrúar 2021

R20110234

3506

ívs

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Aðstöðumál Þróttar og Ármanns í Laugardal - viljayfirlýsing

Á fundi borgarráðs þann 18. febrúar 2021 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 16. febrúar 2021, samþykkt, ásamt fylgiskjölum:

Á fundi borgarráðs þann 3. september 2020 var samþykkt forgangsöröðun íþróttamannvirkja borgarinnar til 2030. Í kjölfar samþykktar fjárfestingaáætlunar til næstu ára hafa farið fram viðræður við forystu Knattspyrnufélagsins Þróttar og Glímufélagsins Ármanns um þau verkefni sem að þeim snúa. Þær hafa meðal annars fjallað um hvort flýta megi umbótum í aðstöðu fyrir knattspyrnu og staðsetningu nýs gervigrasvallar og umbætur í innanhúsaðstöðu félaganna, m.a. í ljósi hugmynda um þjóðarhöll í innanhúsiþróttum. Til að áréttu sameiginlegan hug og vilja varðandi næstu skref er lagt til að borgarráð samþykki drög að viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar, Knattspyrnufélagsins Þróttar og Glímufélagsins Ármanns vegna aðstöðumála félaganna.

Það tilkynnist hér með.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Viljayfirlýsingin er gerð í kjölfar umfangsmikillar vinnu við forgangsöröðun íþróttamannvirkja í Reykjavík þar sem mannvirki á Þróttarasvæðinu röðuðust hátt. Yfirlýsingin gengur út á að flýta framkvæmdum við endurnýjun núverandi gervigrasvallar Þróttar og gerð nýrra gervigrasvalla á svæðinu svo eitthvað sé nefnt. Tímasett áætlun verði unnin sameiginlega með íþróttafélögunum og skal hún liggja fyrir í lok apríl á þessu ári. Starfshópur er jafnframt skipaður til að halda utan um framtíðarskipan íþróttamannvirkja í Laugardal með fulltrúum frá borginni, íþróttafélögunum og Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Afrit:

Íþrótt- og tómsfundasvið